

REGLUGERÐ

um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar skal skipuð 9 (níu) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Ísafjarðarkaupstað, og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangs-efni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hag- að, sbr. B. lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarstjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Enn fremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 47. gr. og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðaleigur, gjaldskrá bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meiri en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæðin jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í hans stað, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umfræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð bæjarstjórnarfunda, svo og hver sé fundarritari, og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi, fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar og skulu fundir að jafnaði hefjast kl. 20.00. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 12.00 þriðjudag næstan fyrir bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og a. m. k. jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fyigja skulu afrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði bæjarfulltrúum og varafulltrúum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðun, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal auglýsa a. m. k. á fimm stöðum víðs vegar um bæinn.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum rækar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningu, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundum, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt þá hann talar, nema forseti ákveði, að hann skuli flytja ræðu sína úr ræðustóli.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef $\frac{2}{3}$ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi á bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum, nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skyt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli teknir á segulband, til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögleg forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma þrúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum. Gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga, að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmalanna.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans.

21. gr.

Hver bæjarstjórnarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn, skv. ákvörðun hennar.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjórið. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarráðs. Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal það kjósa sér formann og varaformann. Formaður bæjarráðs hefur á hendi undirbúning funda bæjarráðs í samráði við bæjarstjóra. Formaður bæjarráðs stýrir fundum þess.

Bæjarráð skal halda fund í viku hverri, að jafnaði á mánudegi. Aukafundi skal halda, ef formaður eða bæjarstjóri ákveða það eða ef bæjarráðsmaður óskar þess.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn Ísafjarðarkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð skal gera tillögur til bæjarstjórnar í þeim málum, sem fyrir bæjarráði liggja.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

26. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, vatnsölu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnarinnar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skýlt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma. Ráðningarsamningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.

Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í bæjarstjórn.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo og að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur í skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn, bæjarráði eða í fastanefndum, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísí því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt í samráði við bæjarráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma. Stendur sú ákvörðun óhöggud, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna starfi hans.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d. liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Nefndir.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Bygginganefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Hafnarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
3. Rafveitustjórn, fimm aðalmenn og fimm til vara.
4. Félagsmálaráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
5. Kjörskrárnefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
6. Atvinnumálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs, hafnarsjóðs, Fjórðungssjúkrahúss, vinnuvéla, vatnsveitu, Lífeyrissjóðs bæjarstarfsmanna, félagsheimilis, tveir aðalmenn og tveir til vara. Kjörnir endurskoðendur skipti með sér verkum við endurskoðun Vallarsjóðs og sé annar aðalmaður en hinn til vara.
8. Umferðar- og öryggismálanefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
9. Endurskoðendur reikninga Rafveitu Ísafjarðar, tveir aðalmenn og tveir til vara.
10. Kjörstjórnir við alþingis- og forsetakosningar:
 - a) Yfirkjörstjórn kaupstaðarins, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
 - b) Undirkjörstjórnir, þrjú aðalmenn og þrjú til vara í hverri undirkjörstjórn.
11. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
 - a) Yfirkjörstjórn, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
 - b) Undirkjörstjórnir, þrjú aðalmenn og þrjú til vara í hverri undirkjörstjórn.
12. Stjórn Djúpbátsins h. f., tveir aðalmenn og tveir til vara.
13. Stjórn Íþróttavallar, einn aðalmaður og einn til vara.
14. Stjórn félagsheimilis, einn aðalmaður og einn til vara.
15. Fulltrúa á sýslufund Norður-Ísafjarðarsýslu, er hafi ásamt sýslunefndinni, umsjón með styrktarsjóði ekkna og barna þeirra Ísfirðinga, sem í sjó drukkna, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
16. Fulltrúa á aðalfund Íshúsfélags Ísfirðinga h. f., þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
17. Fulltrúa á aðalfund Togaraútgerðar Ísafjarðar h. f., þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
18. Fulltrúa á aðalfund Hraðfrystihússins h. f., Hnífsdal, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
19. Fulltrúa á fund Eigendafélags félagsheimilis, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Fræðsluráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Skólanefnd húsmæðraskólans, tveir aðalmenn og tveir til vara.
3. Skólanefnd iðnskólans, tveir aðalmenn og tveir til vara.

4. Skólanefnd héraðsgagnfræðaskólans Reykjanesi, einn aðalmaður og einn til vara.
5. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Stjórn Sjúkrasamlags Ísafjarðar, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
7. Stjórn Fjórðungssjúkrahúss og elliheimilis, þrír aðalmenn og þrír til vara.
8. Framtalsnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
9. Barnaverndarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
10. Bókasafnsstjórn, sem einnig fer með stjórn héraðsskjalasafnsins, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
11. Brunamálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
12. Landbúnaðarnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
13. Sjó- og verslunardómur, sjö aðalmenn og sjö til vara.
14. Sáttanefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
15. Byggðasafnsstjórn, einn aðalmaður og einn til vara.
16. Millimatsnefnd, einn aðalmaður og einn til vara.
17. Í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalmaður og einn til vara.

C. Aðrar nefndir skv. skrá.

Nefndir, sem starfa á vegum bæjarstjórnar skulu kjósa sér formann.

Formenn skulu sjá um, að nefndir séu boðaðar til fundar.

Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina saman til fundar svo fljótt sem auðið er.

Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

38. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða sýnunar.

39. gr.

Bygginganefnd skipa 4 menn auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu fulltrúa nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar.

Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi bygginganefndar. Bygginganefnd annist byggingamálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

40. gr.

Í hafnarnefnd er forseti bæjarstjórnar sjálfkjörinn formaður. Í nefndina eru kosnir tveir menn úr bæjarstjórn og tveir menn utan hennar og jafnmargir til vara valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnalögum og

hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs og hefur umsjón með störfum starfsmanna hafnarinnar.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

41. gr.

Í félagsmálaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið skal fjalla um framfærslumál, æskulýðsmál, áfengisvarnamál, barnaheimili, barnaleikvelli, skipulag unglingavinnu eða vinnuskóla, þjónustu við aldraða og hvers konar almenna félagslega þjónustu.

Félagsmálaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

42. gr.

Í kjörskrárnefnd skulu kosnir þrír bæjarfulltrúar og þrír til vara. Nefndin sér um endurskoðun kjörskrárstofns í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

43. gr.

Stjórn Fjórðungssjúkrahússins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, skulu þrír fulltrúar kjörnir af bæjarstjórn og tveir fulltrúar af starfsmannaráði sjúkrahússins.

Þeir þrír fulltrúar er bæjarstjórn kys í stjórn F. S. Í. skipi stjórn elliheimilisins. Stjórn sjúkrahússins fer einnig með stjórn heilsugæslustöðvar á Ísafirði.

44. gr.

Í landbúnaðarnefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara og skulu tveir aðalmenn og jafnmargir varamenn kosnir úr hópi starfandi bænda en hinir úr hópi bæjarfulltrúa.

Nefndin sé bæjarstjórninni til ráðuneytis um landbúnaðarmál. Hún skal einnig sjá um fjallskil og fóðurgæslu.

45. gr.

Umferðar- og öryggismálanefnd skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Hún hefur á hendi umsjón með umferðar- og öryggismálum í kaupstaðnum. Jafnframt skal nefndin annast endurskoðun lögreglusamþykktar.

46. gr.

Heilbrigðis- og umhverfisverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Nefndin hefur á hendi heilbrigðismál, náttúruvernd og umhverfismál þar með talin útivistarsvæði og fólkvanga ef stofnaðir eru. Heilbrigðisfulltrúi skal sjálfskipaður í nefndina.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

47. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði og forstöðumönnum bæjarstofnana að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um skipun í stöður hjá bændum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skýlt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

IX. KAFLI

Breytingar á samþykktinni.

48. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar nr. 200 19. okt. 1971.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

1. gr.

Oliusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa og skulu tekjur sjóðsins vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

- a. 8% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra sem getið er í b-, c- og d-lið þessarar greinar, svo og lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
- b. 11,5% af fob-verði útflutnings á saltfiski.
- c. 9,5% af fob-verði útflutnings á skreið.
- d. 6% af fob-verði útflutnings á loðnumjöli, loðnulýsi, þorskmjöli, þorskalýsi, fiskimjöli, karfamjöli, karfalýsi, humarmjöli, rækjumjöli, síldarmjöli og síldarlýsi.

2. gr.

Útflutningsgjaldið skv. 1. gr. skal reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engar afgreiðslu er beiðst. Útflýjendur mega þó greiða 80% af gjaldinu þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt að þau fari fram fyrir